

Fundur stjórnar Fjár- og Hjarðhundadeildar 08.01.19 – Skyrgerðin í Hveragerði

Mætt eru úr stjórn Hilmar, Guðríður og Heidi. Svava og Smári mæta ekki en eru með gegnum facetime.

1. Varðandi stigagjöf hunda innan deildarinnar.

Það er alveg klárt að mati stjórnar að deildarsýningin telur til stiga innan deildarinnar. Deildarsýningar voru haldnar árið 2015 og þar áður 2013 og í bæði skiptin þá taldi sýningin til stiga þegar deildin heiðraði stigahæstu hunda ársins.

Það má ekki rugla saman stigahæstu hundum á sýningum HRFI og síðan stigahæstu hundum innan deildarinnar.

2. Varðandi sér stigakerfi fyrir deildina þá er það mál alls óviðkomandi því hvort að deildarsýningin telji til stiga innan deildarinnar eða ekki.

Það stigakerfi væri þá notað á hverju ári hvort sem deildarsýning væri haldin það árið eða ekki, en deildarsýning teldi alltaf til stiga þegar hún er haldin.

Þetta stigakerfi og umræðan um það snerist eingöngu um það að ekki allar tegundir innan deildarinnar hafa stig í lok árs frá sýningum HRFI.

Þrátt fyrir að hafa kanski mætt á sýningar með góðum árangri.

Þetta stigakerfi átti þá að sjá til þess að deildin gæti verðlaunað efstu huda í öllum tegundum innan deildarinnar óháð stigum frá HRFI.

3. Í ár verður uppskeruhátíð fyrir árið 2018 og ársfundi 2019 slegið saman í eitt. Því miður þá vannst ekki tími hjá stjórnarmönnum til þess að halda árshátíð deildarinnar fyrr.

Við vonum að sem flestir mæti á þetta tvöfalda kvöld.

Fimmtudagurinn 14 febrúar verður fyrir valinu kl 20:00 á skrifstofu félagsins

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra og Ritara
2. Viðurkennignar veittar fyrir stigahæstu hunda og ræktendur deildarinnar árið 2018
3. Skýrslur tengiliða
4. Skýrsla Stjórnar
5. Ársuppgjör frá gjaldkera
6. Kosningar tengiliða allra tegunda
7. Kosning stjórnarmeðlima – kosið er um 2 sæti til 2 ára
Hilmar gefur ekki kost á sér áfram
Svava gefur kost á sér til áframhaldandi setu
8. Önnur mál

4. Fundi Slitið 20:33

